

Reglur um styrki til nema í leikskólafræðum í Hrunamannahreppi

Reglur þessar gilda eingöngu fyrir starfsfólk Leikskólans Undralands á Flúðum sem hyggjast stunda fjarnám í leikskólakennarafræðum á háskólastigi sem og nám til leikskólaliða við Borgarholtsskóla.

Markmið námstengdra styrkja er að fjölga fagmenntuðum leikskólakennurum í leikskólanum og stuðla að hærra menntunarstigi á meðal starfsfólks í leikskóla sveitarfélagsins. Tilgangurinn er að efla faglegt starf innan leikskólans og auka stöðugleika í starfsmannahaldi.

1. grein

Styrkhæft nám er:

- Diplómanám í leikskólafræðum í háskóla; 120 einingar.
- Leikskólakennaranám B.Ed 180 einingar.
- Leikskólakennarafræði, M.Ed, 120 einingar (veitir rétt til leyfisbréfs).
- Framhaldsnám til M.Ed fyrir starfandi leikskólakennara, 120 einingar.
- Nám til leikskólaliða við Borgarholtsskóla í dreifnámi, 116 einingar á framhaldskólastigi.

Sækja skal um á umsóknareyðublaði sem finna má á heimasiðu Hrunamannahrepps og hjá leikskólastjóra.

Í umsókninni skulu koma fram nákvæmar upplýsingar um fyrirhugað nám, námstíma og starfsferil umsækjanda. Ber umsækjanda að skila staðfestingu um skólavist með umsókninni eða strax og staðfesting liggur fyrir. Sé umsókn staðfest gerir leikskólastjóri sérstakan skriflegan samning við viðkomandi starfsmann, sem gildir í eitt ár í senn. Sveitarstjórn áskilur sér rétt til að hafna umsóknum um styrk.

2. grein

Umsækjandi skal eiga lögheimili í Hrunamannahreppi og hafa unnið á Leikskólanum Undralandi á Flúðum samfellt í sex mánuði áður en sótt er um styrk, í að lágmarki 50% stöðu. Sveitarstjórn Hrunamannahrepps getur veitt undanþágu frá þessu skilyrði að fengnum rökstuðningi umsækjanda.

Umsókn um styrk skal berast sveitarstjórn mánuði fyrir upphaf haust- eða vorannar á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem finna má á heimasiðu sveitarfélagsins og hjá leikskólastjóra.

3. grein

Stuðningur við nema er fjölpættur og felst í eftifarandi:

- Aðgangur að vinnuherbergi í leikskólanum með aðgangi að tölvum, prentara og ljósritunarvél eftir að vinnudegi lýkur og um helgar.
- Launað námsleyfi vegna mætinga í staðbundinn hluta námsins og í verknám í allt að sjö vikur (35 virka daga) á hverju skólaári.
- Nemar fá launuð leyfi á prófdögum enda tilkynni þeir leikskólastjóra um próftöflu um leið og hún liggur fyrir.
- Styrkur í lok haust- og vorannar hafi nemi staðist áætlaða námsáætlun (100.000,- í hvert sinn). Styrknum er ætlað að mæta að einhverju leyti kostnaði sem verður til vegna námsins, svo sem skólagjöldum, bókakaupum og akstri.

4. grein

Nemar skulu skila inn til leikskólastjóra námsferilsyfirliti og áætlun um námsframvindu fyrir hverja önn. Nemendur í kennaranámi sem starfa eftir þessum samningi skulu að lágmarki ljúka 2/3 áætlaðra ECTS eininga eða 2/3 hluta áætlaðra eininga í Borgarholtskóla til að geta sótt um að fá að halda samningnum áfram næstu önn á eftir. Ef námsáætlun breytist á önninni skal skila inn til leikskólastjóra uppfærðri námsáætlun. Í upphafi skólaárs skal skólastjóri leikskólans upplýsa skólanefnd um stöðu styrkþega.

Stuðningur við nema getur verið í allt að 5 ár m.v. 180 eininga nám á háskólastigi en í 3 ár miðað við Borgarholtskóla. Tefjist nám vegna sérstakra aðstæðna er hægt að óska eftir framlengingu á stuðningi við sveitarstjórn.

5. grein

Styrkþegi skuldbindur sig til að starfa við Leikskólann Undraland á Flúðum í a.m.k. tvö ár eftir að námi lýkur hafi hann verið þar starfsmaður á námstíma. Starfshlutfall þarf að vera minnst 75%. Hætti starfsmaður störfum innan áðurnefnds tíma eða ljúki hann ekki námi, hefur Hrunamannahreppur heimild til þess að krefjast endurgreiðslu á veittum fjárhagsstyrk frá síðasta skólaári nemans.

6. grein

Fjöldi starfsmanna sem nýtur stuðnings til náms í leikskólakennarafræðum ræðst af þörf Hrunamannahrepps fyrir faglært starfsfólk á leikskólanum á hverjum tíma, og áskilur sveitarstjórn sér rétt til að hafna umsóknum. Leikskólastjóri getur mælst til þess að umsókn verði hafnað hátti þannig til að starfsemi leikskólans beri ekki forföll vegna náms starfsmanna.

Njóti nemi styrkja frá öðru sveitarfélagi vegna sama náms á hann ekki rétt á styrk samkvæmt reglum þessum.

Taki starfsmaður fæðingarorlof eða launalaust leyfi, teljast hann ekki vera starfandi, í skilningi ákvæðis þessa, á meðan á leyfinu stendur.

Sveitarstjórn úrskurðar í álitamálum sem upp kunna að koma við framkvæmd þessara reglna.

7. grein

Reglur þessar eru samþykktar af sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann 6. mars 2025 og öðlast þegar gildi.



Aldís Hafsteinsdóttir
Sveitarstjóri



Sveitarstjórin i
Hrunamannahreppi